

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
b.t. skrifstofu umhverfis og orku
Borgartúni 26
105 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 7. nóvember 2025

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald


Félag atvinnurekenda (hér eftir „FA“) hefur tekið til umsagnar drög að frumvarpi um breytingu á lögum um úrvinnslugjald (hér eftir „drögin“) sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 28. október sl. Með drögunum er verið að leggja til breytingar á lögum um úrvinnslugjald og er m.a. gerð tillaga um að bráðabirgðaákvæði V verði framlengt og uppfært með hliðsjón af breytingum á tollskrá. FA gerir eftirfarandi athugasemdir.

Áform um lagasetningu draganna voru til samráðs á samráðsgátt stjórnvalda í ágúst og september sl. og skilaði FA inn athugasemdum þá einnig, sem lutu aðallega að ofanefndu bráðabirgðaákvæði V. Með bráðabirgðaákvæðinu er innflytjanda heimilt að ákvarða flokkun til álagningarstofns út frá líklegustu tegund söluumbúða ef hann getur ekki tilgreint meginsöluumbúðir. M.ö.o. er innflytjanda heimilt með bráðabirgðaákvæðinu að tilgreina þær umbúðir, t.d. pappa eða plast, sem honum finnst líklegast að séu í sendingunni ef hann hefur ekki upplýsingar þess efnis úr hvaða efni meginsöluumbúðir eru. Taldi félagið fulla ástæðu til þess að ákvæðið yrði framlengt eða gert varanlegt sem varaleið.

Félagið fagnar því að framlengja eigi bráðabirgðaákvæðið, líkt og kemur fram í drögunum, en ítrekar þó mikilvægi þess að skoða hvort gera eigi ákvæðið varanlegt. Líkt og bent var á í fyrri umsögn félagsins þá á þetta aðallega við um smærri innflytjendur og smásendingar og getur tafið tollafgreiðslu viðkomandi vara ef bíða þarf upplýsinga. Það getur verið sérlega bagalegt fyrir smærri fyrirtæki sem eru ekki með háa veltu og skiptir þau sköpum að fá vörur til sín hratt og örugglega. Félagið hvetur því ráðuneytið að skoða ástæða sé til að festa ákvæðið varanlega í sessi.

Sem fyrr segir fagnar þó félagið að ráðuneytið hafi tekið mið af umsögn sem FA skilaði inn vegna áformanna og framlengt bráðabirgðaákvæðið. Þá er félagið ávallt reiðubúið að funda með ráðuneytinu vegna málsins og áskilur sér rétt að koma með athugasemdir á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst,



Birta Sif Arnardóttir, lögfræðingur